# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Íslandsbleikja   Öxnalæk í Ölfusi**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 8.11.2012 | **Fulltrúi UST** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Fyrirtæki** | Íslandsbleikja | **Fulltrúi UST** | |
| **Heimili** | Öxnalæk | **Tegund eftirlits** | Reglubundið |
| **Kennitala** | 610406-1060 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Stefán Ólafsson | **ÍSAT nr.** | 05.02.2 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 393201,157   388615,307 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirliti og engar athugasemdir voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladag v. græns bókhalds.

Gengið var um stöðina og allt útisvæðið.

Frárennsli var skoðað. Verið var að vinna við uppsetningu nýrrar frárennslislagnar frá eldishúsi að brunni.

Frárennslisop var skoðað og ekki bar á uppsöfnun fóðurleifa né þörungagróðri við útrásina.

Varaaflsstöð fyrir ljós var skoðuð en engin önnur varaaflstöð er á staðnum þar sem allt vatn til stöðvarinnar er sjálfrennandi.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Reksturinn er á undanþágu frá umhverfisráðuneytinu til 1. janúar 2013. Nýtt starfsleyfi er í vinnslu en hefur tafist sökum skipulagsmála.

Í síðasta eftirliti kom fram frávik frá starfsleyfi hvað varðar hreinsun á frárennsli frá fiskeldisstöðinni. Búið er að laga það frárennsli og sameina þrjár lagnir yfir í eina stóra lögn sem rennur í setbrunn ásamt frárennsli frá eldiskerum.

Allur dauðfiskur fer til vinnslu refafóðurs.

Bent var á að senda öll göng á netfang Umhverfisstofnunar ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsmanns.

Reykjavík, 03.12.2012

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.